

Fundargerð

Íþróttá- og tómstundanevnd kom saman til fundar miðvikudaginn 3. janúar 2007 kl. 17:00 í Verinu.

Mætt voru: Árni Davíð Haraldsson, Linda Pehrsson, Oddur Skúlason, Eyþór Jónsson, Ragnar Már Sigfússon og Almar Marinósson.

Dagskrá.

1. Mál. Skipulag vetrarins, starfsemi íþróttahússins, afmælisdagur þess, skipulag hans og framkvæmd.

Stefnt er að því að halda upp á 8 ára afmæli íþróttahússins miðvikudaginn 17. janúar. Starfsmenn hússins, auk íþróttá- og tómstundafulltrúa, sjá um framkvæmd afmælisins.

T.d. á dagskrá: sundlaugadiskó, kynning á glímu, heiðra fótboltaliðið, pollana. Ákveðið að fá handboltapjálfa frá Akureyri eina helgi í janúar eða febrúar.

Áætlað að fá fluguveiðikennara eina helgi. Oddur ætlar að fá einkapjálfa til að koma í heimsókn til kynningar og leiðbeiningar í marsbyrjun. Eyþór ætlar að tala við Stefán Má varðandi ungbarnasund. Tala verður einnig við Stefán Má eða Ragnar Skúlason varðandi vatnsleikfimi fyrir eldri borgara.

Fjölskyldutímar í íþróttahúsinu; þá geta fjölskyldur komið og farið í leiki, íþróttir o.s.frv. Nauðsynlegt að foreldrar verði þar með börnum sínum.

2. Mál. Hvernig miðar rakamálum ?

Til stendur að vígja nýja rakatækið á afmælisdegi hússins í janúar. Þistill ætlar að sjá um uppsetningu tækisins. Umboðsaðili tækisins þarf að koma á staðinn og kenna umsjónarmanni hússins á tölvu sem fylgir tækinu. Eins vantar frá honum fleiri upplýsingar til að af uppsetningu geti orðið.

3. Mál. Svartholið.

Verið er að mála í Svartholinu. Svartholsnefndin sér um það. Búið er að panta parket á gólf og gardínur fyrir glugga. Stefnt er að því að opna Svartholið í næstu viku.

Íþróttá- og tómstundanevnd telur óhjákvæmilegt að úthluta verði fjármunum að upphæð kr. 200.000,- til uppbyggingar og endurbóta á húsnæðinu.

Fundi slitið.

Árni Davíð Haraldsson, ritari.